

STJÓRNARTÍÐINDI B 112 – 2005

16. september 2005

1817

Nr. 839

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, hverfisverndarsvæði og miðsvæði í Urðum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, frá 8. júlí 2003.

Breytingin felst í því að hluta hverfisverndar á miðsvæði við miðbæ Mosfellsbæjar er aflétt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.